

**Ed.**

**191. Frumvarp til laga**

[105. mál]

um breyting á lögum nr. 83/1940, um friðun arnar og vals.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Í stað „1950“ í 1. gr. laganna komi: 1960.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með lögum nr. 83/1940 eru ernir og valir alfriðaðir til ársloka 1950. Fuglum þessum virðist fremur fækka en fjölga og mjög fátt orðið um þá, — jafnvel vafasamt, að takast muni að hindra geryðingu arnarins. Talið er, að á öllu landinu muni nú naumast nema 10 arnarhjón. Er því lagt til, að friðunartíminn verði framlengdur um næstu 10 ár.